

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Mars 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,4% í mars

Skráð atvinnuleysi í mars var 2,4% og var óbreytt frá febrúarmánuði. Að meðaltali fjölgaði um 201 á atvinnuleysisrá í mars í ár frá mars í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi einnig 2,4%.

Atvinnuleysi minnkaði á landsbyggðinni um 0,1% en jókst á höfuðborgarsvæðinu um 0,1 prósentustig. Atvinnuleysi var óbreytt hjá körlum og konum.

Alls voru 2.323 karlar að jafnaði atvinnulausir í mars og 1.980 konur og var atvinnuleysi 2,4% meðal karla og 2,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 3,2% og 2,7% á Norðurlandi eystra.


Greiddar voru 940 milljónir í atvinnuleysistryggingar í mars, 851 vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 60 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 29 milljónir vegna barnadagpeninga.

Alls fóru 575 einstaklingar af skrá í marsmánuði, þar af 346 í vinnu eða um 60%. Þá voru 162 (28%) einstaklingar sem staðfestu ekki atvinnuleit í lok mars eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir.

Alls komu inn 193 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en flest stjórnunar- sérfræði- eða skrifstofustörf eða um 63 störf.

Alls voru 1.358 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok mars eða um 30% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,2% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í mars tóku 870 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum.



Greining atvinnuleysis


Atvinnuleysi í mars og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í mars mældist eins og fyrr segir 2,4% og voru að jafnaði 4.303 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 5 á atvinnuleysissskrá frá febrúar. Hins vegar var nú 201 fleiri á atvinnuleysissskrá en í mars 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 3,2% og 2,7% á Norðurlandi eystra. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 2,5% og jókst um 0,1 prósentustig frá febrúar, en á landsbyggðinni minnkaði það eins og fyrr segir um 0,1 prósentustig og var 2,3%.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 2.323 karlar að jafnaði atvinnulausir í mars og 1.980 konur og var atvinnuleysi 2,4% meðal karla og

2,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,1 prósentustigi lægra en í mars 2017. Atvinnuleysi jókst um 0,2 prósentustig meðal karla frá mars 2017.

Alls var 571 einstaklingur á aldrinum 18-24 ára atvinnulaus í lok mars í ár sem samsvarar um 2,1% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fækkað frá mars 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 600.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 915 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars en voru 882 í marslok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 33 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra er svipað í mars í ár og í mars í fyrra (2017) og var 19,9% af öllum á atvinnuleysissskrá.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Talsverð fækkun atvinnulausra var frá mars 2017 til mars 2018 í fjármála- og tryggingastarfsemi svo og í upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi.

Talsverð fjölgun atvinnulausra var í fræðslustarfsemi og árstíðabundin fjölgun atvinnulausra var í mannvirkja-gerð sem og í gistiþjónustu og veitingastarfsemi.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

940 milljónir

í mars

Par af voru:

851 milljón vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

29 milljónir vegna barnadagpeninga.

60 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Ekki eru verulegar breytingar á fjölda atvinnulausra eftir einstökum starfsstéttum milli ára.


Fjölgun var meðal atvinnulausra véla- og vélgæslumanna, svo og iðnaðarmanna og skrifstofufólks.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.358 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok mars eða um 30% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,2% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisráðu komu frá Póllandi eða 776, sem er um 57% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisráðu.

Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi nær yfirleitt hámarki í janúar og febrúar þegar atvinnuleysi eykst í ýmsum atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gætir eins og t.d. í mannvirkjagerð, verslun og flutningum. Gera má ráð fyrir að draga muni úr skráðu atvinnuleysi í apríl og það verði á bilinu 2,1-2,3%.




Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 575 einstaklingar af skrá í marsmánuði, þar af 346 í vinnu eða um 63%. Þá voru 162 (28%) einstaklingar sem staðfestu ekki atvinnuleit í lok mars eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 13 (2%) sem fóru af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða önnur endurhæfingarúrræði. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 12 fóru í fæðingarorlof, 8 fóru í vinnumarkaðsúrræði og 8 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.



Karlar voru 59% þeirra sem afskráðust í mars. Mun fleiri karlmenn en konur afskráðust vegna þess að þeir staðfestu ekki atvinnuleit eða 70%. Um 82% afskráðra, eða 472 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 10% (57 manns) í 6 til 12 mánuði. Um 8% (46 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Stærstur hluti afskráðra var ungt fólk á aldrinum 18-29 ára (33%) og svo fólk á aldrinum 30-39 ára (30%).

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur. Enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í mars

Alls komu inn 193 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest stjórnunar- sérfræði- eða skrifstofustörf eða 63 störf. Þá voru auglýst 54 störf verkafólks af ýmsu tagi, s.s. störf í iðnaði, landbúnaði og fleiru. Um 42% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 23% á Vesturlandi og 12% á Vestfjörðum. Um 23% voru annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	63	33%
Þjónustustörf	28	15%
Afgreiðslustörf	10	5%
Iðnaðarmenn	10	5%
Bílstjórar og vélafólk	3	2%
Verkafólk í þjónustu	25	13%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	54	28%
Samtals	193	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í mars tóku 870 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum.

Af þessum 870 voru 278 í ýmiss konar grunnúræðum, en grunnúræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar-námskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá voru 394 manns á ýmiss konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslensku-námskeið fyrir útlendinga og tölvunámskeið en einnig ýmis starfstengd námskeið og bókhaldsnámskeið.

Alls voru 73 einstaklingar í námi á framhalds- eða háskólastigi, flestir þeirra voru á aldrinum 18-29 ára

(42%). Um 37% voru á aldrinum 30-39 ára. Þeir sem eftir standa voru eldri.


Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í mars unnu 33 einstaklingar að slíkri hugmynd, 19 konur og 14 karlmenn. Þá voru 70 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúræðum, m.a. hjá Fjölsmiðjunni, við ýmiss konar starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.



Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, mars 2018



hefur umsýslu með. Í mars var gefið út 31 slíkt vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 21 einstaklingur, fimm fóru til Spánar en færri til annarra ríkja.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í mars var gefið út 71 U1 vottorð og líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (38), 11 voru gefin út til Tékklands, sjö til Svíþjóðar og 15 til sex annarra ríkja.


Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Útlendingar frá Filippseyjum fjölmennasti hópurinn sem hefur fengið útgefin atvinnuleyfi það sem af er árinu 2018

Í mars gaf Vinnumálastofnun út 200 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Samtals hefur Vinnumálastofnun gefið út 528 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2018. Af útgefnum leyfum í mars voru 63 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 78 framlengd leyfi, þrjú á grundvelli þjónustusamnings og 56 leyfi til námsmanna.

Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun borist umsóknir frá útlendingum frá 68 ríkjum og fjórum ríkisfangslausum einstaklingum. Á meðfylgjandi súluriti má sjá fimm algengustu ríkisföngin hjá þeim útlendingum sem hafa fengið útgefið atvinnuleyfi það sem af er árinu 2018.




Líkt og sést á súluritinu eru lang flestir útlendingar sem hafa fengið útgefið atvinnuleyfi frá Filippseyjum. Af 132 atvinnuleyfum til Filippseyinga þá eru 84 til námsmanna eða rúmlega 60% leyfanna og eru flest þeirra vegna starfa við umönnun og á veitingahúsum. Lang flest þessara leyfa eru framlengd leyfi, þ.e. útlendingur hóf starf samhliða námi hér á landi á síðasta ári. Alls er 21 leyfi á grundvelli sérfræðipækkingar og flest vegna starfa sem hjúkrunarfræðingar eða 15 þeirra.

Flestir starfsmenn á vegum starfsmannaleiga eru á aldrinum 20 til 40 ára

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 42 erlend fyrirtæki starfandi í mars 2018 með samtals 320 starfsmenn (útsenda starfsmenn). Er það fækkun um sex fyrirtæki og 50 starfsmenn frá því sem var í febrúar síðastliðnum.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.816 í mars á vegum 29 starfsmannaleiga. Af þeim 29 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í mars voru 20 innlendar og 9 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar höfðu 1.776 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu 40 starfsmenn. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í mars störfuðu því samtals 360 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði. Á meðfylgjandi súluriti má sjá aldurskiptingu þeirra starfsmanna sem störfuðu hér á landi á vegum starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja í mars 2018. Líkt og sést á súluritinu eru flestir starfsmenn starfsmannaleiga á aldursbilinu 20 til 40 ára en flestir útsendir starfsmenn eru á aldursbilinu 30 til 50 ára.



Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnuáalastofnunar og í [excelskjöllum](#).

ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 19 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í mars

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.